

## Ályktun aðalfundar Lögreglufélags Vesturlands

Á aðalfundi Lögreglufélags Vesturlands, haldinn í Stykkishólmi þann 19.apríl 2011 fögnuðu fundarmenn þeirri niðurstöðu innanríkisráðherra að hætta við sameiningu lögregluembætta á Vesturlandi og Vestfjörðum en sameina þess í stað eingöngu lögregluembættin á Vesturlandi. Voru fundarmenn mjög sáttir við að innanríkisráðherra hafi tekið til greina rök þeirra og komist að þessari niðurstöðu.

Lýstu fundarmenn áhyggjum sínum yfir því að í nýjum drögum innanríkisráðherra í frumvarpi til laga um breytingar á lögreglulögum er hvergi að finna þann eftirlaunapakka sem hann hafði lofað lögreglumönnum. Hafði Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, á fundi í Borgarnesi með lögreglustjórum og lögreglumönnum á Vesturlandi þann 15. febrúar þessa árs, sagt að frumvarp um fækkun og stækkun lögregluembætta yrði ekki lagt fram nema með þeim eftirlaunapakka sem lögreglumönnum hafði verið lofað.

Einnig höfðu fundarmenn þungar áhyggjur af þeirri auknu hagræðingarkröfu sem boðuð er í frumvarpinu og að sú hagræðing muni bitna á fjölda lögreglumanna, launum þeirra og starfsframa. Vildu fundarmenn koma því á framfæri að ekki mætti rústa þeim launa og starfsstigaprepum sem lögreglumenn hefðu áunnið sér, í nafni hagræðingar og það algjörlega bótalaust.

Voru fundarmenn einnig mjög ósáttir við þá óvissu sem lögreglumenn þurfa að lifa við um þessar mundir og hvetja innanríkisráðherra til að eyða allri óvissu í þeirra málum.

Lögreglufélag Vesturlands hvetur samninganefnd ríkisins til að nálgast kjarasamninga lögreglumanna á faglegan hátt og meta mikilvægi lögreglumanna í samfélaginu að verðleikum.

Vill Lögreglufélag Vesturlands að lokum hvetja Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, til að auka fjárveitingar til lögreglu þar sem búast má við metfjölda ferðamanna á Íslandi í sumar.

Lögreglufélag Vesturlands